

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 25. maí 2021

Mál nr. E-7099/2020:

Ingólfur Örn Friðriksson

(Júlí Ósk Antonsdóttir lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Sesselja Arnardóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 30. apríl 2021, var höfðað 20. október 2020 af Ingólfi Erni Friðrikssyni, [...], gegn íslenska ríkinu.

Stefnandi krefst þess að felldur verði úr gildi úrskurður mannanafnanefndar frá 14. janúar 2020 í máli nr. 121/2019. Þá krefst hann viðurkenningar á því að hann megi bera eiginnafnið Lúsífer. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þess er aðallega krafist að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað, en til vara að málskostnaður verði fellur niður.

I

Helstu málsatvik

Stefnandi fyllti út eyðublað frá Þjóðskrá Íslands 6. desember 2019 og óskaði eftir breytingu á öðru eiginnafni sem hann vildi að yrði Lúsífer. Undið liðnum „Rökstuðningur“ tók stefnandi fram að hann hefði verið þekktur eftir þessu nafni í um 20 ár. Þá vísaði hann til trúfrelsis og að nafnið Lúsífer þýddi „sá sem ljósið ber“. Ekki væri um að ræða nafn djöfulsins heldur „nafn æðsta engils guðs, sem síðar var kastað niður til helvítis þar sem hann varð djöfullinn“. Þar sem nafnið var ekki á mannanafnaskrá vísaði Þjóðskrá beiðninni til mannanafnanefndar, sbr. 5. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 22. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn.

Með úrskurði mannanafnanefndar 14. janúar 2020 var beiðni um eiginnafnið Lúsífer hafnað með vísan til 5. gr. laga nr. 45/1996. Í úrskurðinum sagði: „Þar sem nafnið Lúsífer (kk.) er eitt af nöfnum djöfulsins telur mannanafnanefnd ljóst að það geti orðið nafnbera til ama.“ Stefnandi óskað eftir nánari skýringum á niðurstöðu nefndarinnar með tölvubréfi 22. janúar 2020. Með tölvubréfi 24. sama mánaðar var því svarað að fullnægjandi skýringar væri að finna í úrskurði nefndarinnar. Stefnandi óskaði á ný eftir skýringum með tölvubréfum 24. og 27. janúar 2020. Þá sendi hann nefndinni tölvubréf 5. febrúar 2020 þar sem meðal annars var lögð áhersla á að hann

væri Laveyan Satanisti, trúfrelsi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar og að hann teldi nafnið ekki vera nafnbera til ama. Í tölvubréfi formanns nefndarinnar 2. mars 2020 sagði að ekki væri ástæða til að rökstyðja úrskurðinn frekar. Þó var tekið fram að nöfn sem væru á mannanafnaskrá væru öllum heimil og yrði nefndin að líta á málið víðar en út frá einkahagsmunum þess sem sækti um. Nefndin teldi nafnið Lúsífer geta orðið nafnbera til ama almennt séð og hefði það ekki úrslitabýðingu að sá sem sækti um nafnið væri fullorðinn einstaklingur sem aðhylltist tiltekin trúarbrögð. Tekið var fram að nefndin teldi ekki um að ræða mismunun á grundvelli trúarbragða en benti stefnanda á þann möguleika að leita til umboðsmanns Alþingis.

Stefnandi beindi í kjölfarið kvörtun til umboðsmanns Alþingis og var málinu lokið með bréfi 29. apríl 2020. Þar kom fram að umboðsmaður hefði ekki forsendur til að fullyrða um annað en að hlutlægt séð hefði mannanafnanefnd byggt á sjónarmiðum sem teldust málefnaleg og lögmæt, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996. Hvað varðaði það huglæga mat nefndarinnar að nafnið Lúsífer gæti orðið nafnbera til ama bæri að líta til athugasemda í lögskýringargögnum um beitingu ákvæðisins af varfærni og aðeins í tilvikum þar sem merking nafns teldist neikvæð eða óvirðuleg. Tekið var fram að rökstuðningur í úrskurði nefndarinnar væri afar takmarkaður og bundinn við að nafnið væri „eitt af nöfnum djöfulsins“. Í ljósi tilurðar lagaákvæðisins og lögskýringargagna hefði verið fullt tilefni til að annaðhvort hafa rökstuðninginn ítarlegri eða leiðbeina um heimild aðila til þess að fá ákvörðun rökstudda. Ítrekað var að það væri ekki hlutverk umboðsmanns að leggja sjálfstætt huglægt mat á hvort tiltekið nafn teldist íþyngjandi í skilningi 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996. Umboðsmaður Alþingis ritaði jafnframt mannanafnanefnd bréf þar sem komið var á framfæri ábendingu um að betur yrði hugað að lagareglum sem giltu um rökstuðning.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið Laveyan Satanisti og meðlimur í kirkju Satans frá árinu 2001. Tekið er fram að satanismi snúi að því að hafa trú á sjálfum sér og á lífinu. Í satanisma standi nafnið Lúsífer fyrir það að vera upplýstur og að nota rök hugsun, sem og útsjónarsemi, til að takast á við lífið.

Réttur manns til vals á nafni varði einkahagi hans og sé hluti af þeim réttindum sem falli undir 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Réttinum til nafns séu settar nokkrar skorður með lögum nr. 45/1996, en í vissum tilvikum geti hagsmunir samfélagsins verið ríkari en réttur einstaklings til að velja nafn. Takmarkanir samkvæmt lögnum verði að uppfylla áskilnað 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um að brýna nauðsyn beri til þeirra vegna réttinda annarra. Lögð er áhersla á að nafnauðkenning sé samofin persónuleika manna, bæði í eigin vitund og í hugum annarra. Nafnið sé því hluti af manningnum, bæði í huglægum og félagslegum skilningi. Oft á tíðum megi rekja nafnið

til trúarskoðana og hafi það því ríkt tilfinningagildi fyrir einstaklinginn sjálfan. Jafnframt er vísað til 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og þess að úrskurður mannanafnanefndar verði ekki réttlættur með þeim sjónarmiðum sem greini í 2. mgr. 8. gr. sáttmálans.

Lögð er áhersla á vernd trú- og skoðanafrelsis samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar og jafnfræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Það hafi alltaf verið val og einlægur vilji stefnanda að bera nafnið Lúsífer vegna lífsskoðana sinna. Þar sem um breytingu á nafni sé að ræða en ekki nafngjöf megi ætla að reglur sem byggðar séu á forsjárhyggju ríkisvaldsins séu með öllu óþarfar í þessu tilfalli. Stefnandi sé fullorðinn einstaklingur sem njóti bæði réttshæfis og gerhæfis. Hann hafi tekið upplýsta ákvörðun um að bera nafnið Lúsífer og varði það ekki réttindi annarra.

Tekið er fram að stefnandi geti ekki fallist á rök mannanafnanefndar um að þar sem eiginnafnið Lúsífer sé eitt af nöfnum djöfulsins sé ljóst að það geti orðið nafnbera til ama, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996. Orðið lúsífer sé upphaflega komið úr latínu og þýði bókstaflega ljósberi. Í spádómsbók Jesaja segi: „Nú ertu fallinn af himni, ljósberi, sonur morgunroðans.“ Þessi tilvitnun hafi verið álitin uppruni Lúsífers og hugmynda um að Satan hefði verið engill og gert uppreisn. Lúsífer hafi verið æðsti erkiengill himnaríkis og nánastur Guði. Lúsífer hafi aftur á móti þyrst í meiri völd og gert uppreisn gegn Guði ásamt öðrum englum. Fylgismenn Lúsífers og Guðs hafi háð himneskt stríð og að lokum hafi hinum síðarnefnda tekist að hrekja Lúsífer, sem og alla þá engla sem fylgdu honum, burt úr himnaríki. Sá sem kallaður hafi verið Lúsífer á himnum hafi orðið Satan eða kölski og hafi hann ríkt yfir helvíti, en englarnir sem með honum fóru urðu djöflar. Í rómverskri goðafræði hafi Lúsífer verið persónugervingur morgunstjörnunnar Venusar, það er karlmaður með kyndil á lofti. Lúsífer hafi verið sonur Áróru, dagrenningarinnar, sem hafi aftur verið systir sólar og mána og móðir vinda. Að þessu virtu liggi ekki fyrir að nafnið Lúsífer geti orðið nafnbera til ama, eins og mannanafnanefnd haldi fram. Þá er bent á að nafnið Ári hafi verið fært á mannanafnaskrá í kjölfar úrskurðar nefndarinnar 6. júní 2016 í máli nr. 27/2016. Í úrskurðinum komi fram að þrátt fyrir að merking samnafnsins ári sé samkvæmt íslenskri orðabók „sendiboði“ (fornt/úrelt), „púki, illur andi“ og einnig notað sem vægt blótsyrði „árans“, sé þessi grunnmerking orðsins líklega ekki almennt þekkt. Þar að auki sé hún ekki mjög neikvæð eða niðrandi og sé fjarlægur eða óviss möguleiki á því að nafn verði nafnbera til ama ekki nóg til þess að hafna því. Stefnandi byggir á því að hið sama eigi við um eiginnafnið Lúsífer.

Vísað er til þess að ýmis nöfn hafi í gegnum tíðina fengið neikvæða tengingu, eins og Ívan sem oft sé tengt við Ívan grimma og Adolf sem sé tengt við Adolf Hitler. Nöfnin Ívan og Adolf séu engu að síður á mannanafnaskrá og því greinilega ekki talin vera nafnbera til ama. Einnig megi nefna Loka úr norrænni goðafræði sem hafi verið

þekktur fyrir fátt annað en illvirki. Nafnið hafi þó verið samþykkt sem eiginnafn og sé því ekki talið vera nafnbera til ama. Jafnframt er vísað til nafna eins og Ljótur og Ljótunn sem verði að telja niðrandi og geta verið nafnbera til ama, en nöfnin séu samt sem áður á mannanafnaskrá. Það sé alls óljóst hvers vegna eiginnafnið Lúsífer sé talið vera nafnbera til ama umfram önnur nöfn sem hafi í huga sumra slæma eða ljóta merkingu.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að samkvæmt lögum nr. 45/1996 sé einungis unnt að taka upp eiginnöfn sem séu á mannanafnaskrá. Hægt sé að óska eftir því að nýju nafni sé bætt á mannanafnaskrá og sé það hlutverk mannanafnanefndar að meta hvort nafnið uppfylli skilyrði 5. gr. laganna. Hlutverk mannanafnanefndar sé ekki að úrskurða um rétt tiltekinna einstaklinga til að taka upp ákveðin eiginnöfn, heldur að úrskurða hvort heimilt sé að bæta nöfnum á mannanafnaskrá sem öllum sé síðan heimilt að taka upp. Beri nefndinni þannig fyrst og fremst að horfa til almannahagsmuna en ekki einkahagsmuna úrskurðarbeiðanda. Hafi nefndin því þurft að líta til þess að væri nafninu Lúsífer bætt á mannanafnaskrá yrði öllum heimilt að taka það upp sem nafn, þar með talið yrði foreldrum heimilt að gefa barni sínu nafnið.

Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996 þurfi að meta í hverju tilviki hvort nafn geti orðið nafnbera til ama. Vísað er til ummæla í lögskýringargögnum og þess að mannanafnanefnd beiti ákvæðinu sjaldan. Hins vegar hafi verið talið að nafnið Lúsífer, sem sé vel þekkt sem eitt nafna djöfulsins, hefði mjög neikvæða merkingu og væri til þess fallið að vera nafnbera til ama.

Því er mótmælt að úrskurðurinn skerði trúfrelsi stefnanda eða að um sé að ræða mismunun á grundvelli trúarbragða. Stefnanda sé eftir sem áður heimilt að rækja trú sína með hverjum þeim hætti sem hann kjósi. Tekið er fram að í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hafi ekki verið viðurkenndur ótakmarkaður réttur manna til að velja sér nafn samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þvert á móti hafi dómstóllinn viðurkennt að ríki hafi talsvert svigrúm til að marka sér stefnu um hvernig rétt sé að setja reglur um nafngiftir. Þá hafi ekki verið talið að hvers kyns takmarkanir á rétti manna til að velja sér nafn feli í sér brot á friðhelgi einkalífs þannig að þær þurfi að vera réttlættar á grundvelli 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Mannréttindadómstóllinn hafi talið að nafn manns varði einkalíf hans og sé metið í hverju tilviki hvort mál sem varði nafngiftir falli undir efnissvið 8. gr. sáttmálans. Sé manni synjað um að taka upp tiltekið nafn þurfi að veða og meta annars vegar hagsmuni einstaklingsins og hins vegar almannahagsmuni. Það leiði af dómaframkvæmd að svigrúm aðildarríkjanna til mats sé ríkt. Löggjöf sem sé málefnaleg og þar sem gætt sé að eðlilegu jafnvægi á

milli einkahagsmuna og almannahagsmuna brjóti hvorki í bága við 71. gr. stjórnarskrárinnar né 8. gr. mannréttindasáttmálans.

Byggt er á því að lög nr. 45/1996 séu málefnaleg, sett á lögformlegan hátt og að í þeim sé gætt að eðlilegu jafnvægi á milli einkahagsmuna og almannahagsmuna. Þá sé fyllilega ljóst að 5. gr. laganna uppfylli skilyrði 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar um brýna nauðsyn vegna réttinda annarra. Skilyrðið um að nafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama sé fyrst og fremst sett til verndar börnum, eins og fram komi í lögskýringargögnum. Fyrirkomulag laganna sé með þeim hætti að sé samþykkt að taka nafn á mannanafnaskrá þá geti foreldrar gefið börnum sínum nafnið því sé réttlætlanlegt að hafa þann varnagla í lögum að nafn megi ekki verða nafnbera til ama. Í því sambandi verði að líta til skyldu löggjafans til að veita börnum vernd á grundvelli 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013. Samkvæmt þessu sé ekki hægt að samþykkja að fullorðinn einstaklingur megi bera tiltekið nafn, til dæmis á grundvelli trúarskoðana, án þess að allir aðrir hafi þann sama rétt. Með lögunum sé leitast við að tryggja jafnræði að þessu leyti og sé ekki hægt að skilyrða einstök nöfn við að umsækjandi sé fullorðinn eða tiltekinn trúar. Ákvæði 5. gr. laga nr. 45/1996 brjóti ekki gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar um bann við mismunun á grundvelli trúarbragða og hafi mannanafnanefnd ekki heldur brotið gegn jafnræðisreglunni í úrskurðum sínum. Mat á því hvort beita skuli 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996 fari fram í hverju tilviki fyrir sig og gæti nefndin varfærni. Tilvísanir til þess að úrskurðir nefndarinnar þar sem annars vegar nafnið Ári og hins vegar nafnið Loki voru samþykkt hafi ekki þýðingu, enda sé munur á þeim nöfnum og nafninu Lúsifer. Augljóslega sé munur á nafni sem sé leitt af sjaldgæfu orði með lítt þekktu merkinguna „púki, illur andi“ og nafni sem sé vel þekkt sem eitt nafna djöfulsins. Málefnalegar ástæður hafi búið að baki ólíkri niðurstöðu í þessum málum. Þá sé goðmagnið Loki í norrænni goðafræði ekki jafn neikvæð persóna og djöfullinn, en barátta góðs og ills gegni ekki stóru hlutverki í norrænni goðafræði á sama hátt og í kristinni trú. Það sé augljós hætta á að nafnið Lúsifer geti orðið nafnbera til ama og sé nauðsynlegt vegna réttinda annarra, fyrst og fremst barna, að setja skorður við slíkum nöfnum.

Byggt er á því að vísa skuli kröfu stefnanda um viðurkenningu á rétti hans til að bera eiginnafnið Lúsifer frá dómi af sjálfsdáðum, sbr. 24. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 2. gr. stjórnarskrár. Það sé ekki hlutverk dómstóla að taka nýja ákvörðun um málefni sem heyri undir stjórnvöld. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 45/1996 skuli mannanafnanefnd skera úr ágreiningsmálum um nafngiftir og verði niðurstöðu nefndarinnar ekki skotið til æðra stjórnvalds, sbr. 2. mgr. 22. gr. laganna. Þessu mati verði trauðla hnekkt af dómstólum nema mikið hafi farið úrskaiðis, en í þessu tilviki hafi niðurstaðan verið í fullu samræmi við viðeigandi lagaákvæði og

lögskýringargögn. Verði viðurkenningarkröfu stefnanda ekki vísað frá dómi án kröfu beri að sýkna stefnda af kröfunni.

IV

Niðurstæða

Ágreiningur aðila lýtur að gildi úrskurðar mannanafnanefndar frá 14. janúar 2020 þar sem hafnað var beiðni stefnanda um að hann fengi að bera nafnið Lúsífer sem seinna eiginnafn, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 45/1996. Úrskurður nefndarinnar var eingöngu reistur á þeim grunni að nafnið væri „eitt af nöfnum djöfulsins“ og að nefndin teldi „ljóst að það geti orðið nafnbera til ama“, sbr. 3. mgr. 5. gr. sömu laga.

Aðdragandi þess að úrskurðurinn var kveðinn upp var beiðni stefnanda til Þjóðskrár Íslands um að seinna eiginnafni hans yrði breytt í Lúsífer. Þar sem nafnið var ekki á mannanafnaskrá var málinu vísað til mannanafnanefndar í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1996. Í 6. mgr. 13. gr. laganna segir jafnframt að það sé skilyrði nafnbreytingar að hið nýja nafn sé á mannanafnaskrá eða samþykkt af mannanafnanefnd nema tiltekna undantekningar eigi við. Það er meðal hlutverka mannanafnanefndar að kveða upp úrskurð í málum þar sem einstaklingur vill bera eiginnafn sem ekki er á mannanafnaskrá, sbr. 1. mgr. 22. gr. laganna. Þá semur nefndin skrá um eiginnöfn og millinöfn sem heimil teljast samkvæmt 5. og 6. gr. og er hún nefnd mannanafnaskrá, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna. Fyrirkomulag laganna er með þeim hætti að samþykki mannanafnanefnd að tiltekið nafn fari á mannanafnaskrá, svo sem vegna beiðni einstaklings um nafnbreytingu, er öllum frjálst að gefa börnum sínum umrætt nafn og fullorðnum að taka það upp. Þannig er ekki gert ráð fyrir því að heimild til að bera tiltekið eiginnafn sé háð aldri, trúar- eða lífsskoðunum þess sem í hlut á eða að nefndin geti byggt úrskurð sinn á slíkum sjónarmiðum.

Við aðalmeðferð málsins kom fram að stefnandi héldi því ekki fram að 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996 bryti í bága við 71. gr. stjórnarskrárinnar eða 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Fremur væri byggt á því að beiting ákvæðisins í þeim úrskurði sem krafist er ógildingar á hefði ekki verið í samræmi við lög og þau sjónarmið sem nefndinni hefði borið að líta til. Kemur því til skoðunar hvort uppfyllt séu skilyrði til að fella úr gildi úrskurð mannanafnanefndar, sem telst til stjórnvaldsákvarðana, að virtum gögnum málsins og málatilbúnaði aðila.

Fram kemur í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996 að eiginnafn megi ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 45/1996 segir að það sé efnislega samhljóða ákvæði í þágildandi lögum nr. 37/1991 um mannanöfn og þyki ekki annað fært en að hafa ákvæðið áfram í lögum. Það séu auðsæilega mikilvægir hagsmunir barna að þeim séu ekki gefin nöfn sem telja verði „ósiðleg, niðrandi eða meiðandi“, eins og t.d. Skessa, Þrjótur eða Hel.

Tekið er fram að ákvæðið sé þó vandmeðfarið þar sem erfitt sé að leggja hlutlægt mat á ama. Besta tryggingin fyrir því að gætt sé jafnræðis borgaranna við framkvæmd ákvæðisins sé að því sé „beitt mjög varlega“. Þannig sýnist ekki rök til að beita ákvæðinu sérstaklega gegn gælunöfnum eða yfirhöfuð á grundvelli nafnformsins eins. Þá segir: „Eðlilegt er því að ákvæðinu sé því aðeins beitt að telja megi merkingu nafns neikvæða eða óvirðulega.“ Í framhaldi af því er tekið fram að samsvarandi ákvæði í gildandi lögum hafi einungis verið beitt tvívegis, til synjunar kvenmannsnöfnunum Villimey og Rist.

Með 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996 hefur löggjafinn falið mannanafnanefnd að leggja huglægt mat á það hvort eiginnaframt geti orðið nafnbera til ama. Lögskýringargögn veita takmarkaða leiðsögn um þau viðmið sem ber að líta til en af þeim verður þó ráðið að meta beri hvort nafn teljist ósiðlegt, niðrandi eða meiðandi. Þá skal beita ákvæðinu af varfærni og aðeins í tilvikum þar sem merking nafns telst neikvæð eða óvirðuleg. Að virtu hlutverki mannanafnanefndar og efnislegu inntaki þess skilyrðis sem um ræðir telur dómurinn að nefndinni hafi borið að horfa til þess hvaða merkingu nafnið Lúsífer geti haft og hvaða skilning megi ætla að almenningur leggi í orðið miðað við málvitund nú á tímum. Þá bar nefndinni að hafa hugföst ummæli í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi þess efnis að fara bæri mjög varlega við beitingu þess og að eingöngu bæri að hafna beiðni um eiginnaframt væri talið ljóst að nafngiftin teldist neikvæð og óvirðuleg.

Eins og rakið hefur verið vísaði nefndin til þess eins að Lúsífer væri „eitt af nöfnum djöfulsins“. Var þannig ekki vikið að öðrum merkingum orðsins, svo sem samkvæmt orðabók, eða rökstutt nánar hvers vegna það væri talið vera nafnbera til ama í skilningi 3. mgr. 5. gr. laganna. Til hliðsjónar má líta til þess að í úrskurði mannanafnanefndar frá 3. júní 2016, sem varðaði eiginnaframt Ári, var fjallað um fjölpætta merkingu þess samkvæmt íslenskri orðabók. Tekið var fram að merking nafnsins væri „sendiboði“ (fornt/úrelt) og „púki, illur andi“. Þá væri það notað sem vægt blótsyrði, árans. Þá sagði í úrskurðinum: „Þrátt fyrir þetta er þessi grunnmerking orðsins líklega ekki almennt þekkt og þar að auki ekki mjög neikvæð eða niðrandi. Fjarlægur eða óviss möguleiki á því að nafn verði nafnbera til ama er ekki nóg til þess að hafna því. Eiginnaframt Ári verður því látið njóta vafans.“

Að mati dómsins, sem er skipaður sérfróðum meðdómsmanni, verður fallist á með stefnanda að orðið Lúsífer hafi margþætta merkingu. Þannig verður meðal annars ráðið af íslenskri orðsifjabók að með orðinu sé vísað til fisks af ættkvísl skötuselsættar, ljósbera, morgunstjörnnunnar (Venusar) og jafnframt til hins vonda, djöfulsins. Samkvæmt íslenskri nútímamálsorðabók er Lúsífer eingöngu notað um djúpsjávarfisk. Að þessu virtu er það vissulega svo að meðal merkinga orðsins er tilvísun til djöfulsins sem getur í huga fólks talist neikvæð. Með orðinu er þó einnig

vísað til ljósbera og morgunstjörnunnar Venusar sem hefur alls ekki neikvæða merkingu. Þá er ekkert sem styður að heitið hafi almennt neikvæða og niðrandi merkingu samkvæmt málvitund fólks nú á tímum fremur en til að mynda nafnið Ári sem er á mannanafnaskrá. Til þess er að líta að stefnandi hefur lagt fram yfirlit af vefsíðu stofnunar Árna Magnússonar frá 12. desember 2004 þar sem gerð er grein fyrir 61 ólíku nafni yfir „djöfulinn“. Nafnið Lúsífer er ekki þar á meðal og veitir það vísbendingu um að ekki sé tamt að nota heitið yfir djöfulinn nú til dags.

Að öllu framangreindu þessu virtu telur dómurinn að það hafi skort verulega á að mannanafnanefnd tæki tillit til mismunandi merkingar hins umbeðna heitis og leitaðist við að leggja mat á hvaða þýðingu það hefði í huga almennings í dag. Að sama skapi gætti nefndin ekki nægilega að því að beita bar 3. mgr. 5. gr. af varfærni að virtum lögskýringargögnum. Af þessum sökum var nefndinni ekki unnt að leggja til grundvallar að nafnið hefði neikvæða eða óvirðulega merkingu þannig að uppfyllt væru skilyrði 3. mgr. 5. gr. laga nr. 45/1996. Þar sem þessi grunnforsenda úrskurðarins stóðst ekki verður fallist á kröfu stefnanda um að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Líta verður svo á að mannanafnanefnd hafi ekki lagt mat á það í úrskurði sínum hvort önnur skilyrði 5. gr. laga nr. 45/1996 teldust uppfyllt. Það er í öllu falli ekki fjallað um 1. mgr. 5. gr. í úrskurðinum og er ekki unnt að slá því föstu að nefndin hafi talið skilyrði ákvæðisins uppfyllt á grundvelli þagnarinnar einnar um það efni. Það er ekki á valdi dómstóla að meta þetta í stað nefndarinnar, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 6. desember 2018 í máli nr. 857/2017. Kröfu stefnanda um að viðurkennt verði að hann megi bera eiginnafnið Lúsífer verður því vísað frá dómi án kröfu, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991.

Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað sem telst að virtu umfangi málsins hæfilega ákveðinn 900.000 krónur.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt Helga Sigurðssyni héraðsdómara og Guðvarði Má Gunnlaugssyni málfræðingi.

D Ó M S O R Ð :

Felldur er úr gildi úrskurður mannanafnanefndar 14. janúar 2020 í máli nr. 121/2019.

Vísað er frá héraðsdómi kröfu stefnanda, Ingólfs Arnar Friðrikssonar, um að viðurkennt verði að hann megi bera eiginnafnið Lúsífer.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda 900.000 krónur í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir

Helgi Sigurðsson

Guðvarði Már Gunnlaugsson